

Börkur Sigurbjörnsson

Tilgangsleysi

örsaga



Urban Volcano

Tilgangsleysi


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson
Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efnið ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Tilgangsleysi

„Ég er alveg hættur að lesa bókmenntir,“ sagði vinnufélaginn þegar talið barst að lestri. „Ég meina. Þær eru svo tilgangslausar.“

Ég velti því fyrir mér hvort ég ætti að slengja fram þeirri skoðun minni að það væri einmitt tilgangsleysið sem gerði bókmenntir svo áhugaverðar og skemmtilegar. Á endanum ákvað ég að kinka bara kolli og brosa. Það var miklu skemmtilegra að rökræða við sjálfan mig í huganum heldur en að reyna að sá skapandi fræjum í ofurraunsæjan huga vinnufélagans.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstöðum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano